

Umsögn – Orkubú Vestfjarða

Efni: Mál nr.1147/2024 – Landfylling fyrir nýtt íbúðar-, mið- og stofnanasvæði á Patreksfirði

Orkubú Vestfjarða gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytinga í Vesturbyggð vegna landfyllingar við Strandgötu á Patreksfirði.

Mikilvægt er að traust og góð samvinna sé á milli Orkubús Vestfjarða og Vesturbyggðar við skipulagningu innviða bæði rafmagns og mögulegrar hitaveitu. Ný hönnun og skipulag þarf að taka tillit til núverandi dreifikerfis og tengingu þess við nýtt skipulagssvæði.

Mikilvægt er að horfa til orkuskipta. Reikna þarf með því að þörf fyrir rafhleðslu ökutækja aukist, bæði fyrir almenning sem og í atvinnurekstri á svæðinu. Gera þarf ráð fyrir spennistöðvum þar sem líkur eru á aukinni hraðhleðslu og eins fyrir almenna notendur á svæðinu.

Orkubú Vestfjarða óskar eftir því að fá að fylgjast með og taka þátt í þeirri hönnun sem snýr að innviðum í eigu þess á nýju skipulagssvæði.

f.h. Orkubús Vestfjarða

Halldór V Magnússon

Framkvæmdastjóri Veitusviðs